

Heiðursfélagar ÍSÍ, kjörnir á framhaldsþingi 75. Íþróttapings ÍSÍ, Gullhömrum í Grafarvogi 9. október 2021.

Árni Þór Árnason er fæddur 31. ágúst 1951.

Hann hefur komið víða við innan íþróttahreyfingarinnar. Hann var formaður badmintondeildar Víkings í þrjú ár, formaður badmintonráðs Reykjavíkur í tvö ár, formaður fimleikadeildar KR í þrjú ár, formaður Fimleikasambands Íslands í sex ár, sat í stjórn handknattleiksdeildar Gróttu í sex ár og í landsliðsnefnd kvenna HSÍ sem stjórnarmaður og síðar formaður.

Árni Þór sat í varastjórn ÍSÍ 1988-92 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 1992-1996. Á meðan Árni Þór sat í stjórn ÍSÍ sinnti hann einnig ýmsum verkefnum á vegum ÍSÍ, svo sem stjórnarformennsku í Íslenskum getraunum, svo fátt eitt sé nefnt.

Árni Þór var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ árið 2017.

Guðmundur Ágúst Ingvarsson er fæddur 13. apríl 1950

Guðmundur Ágúst sat í aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Víkings. Hann var formaður landsliðsnefndar Handknattleikssambands Íslands áður en hann var kjörinn formaður sambandsins árið 1996 en hann gegndi því embætti alls í 13 ár eða til ársins 2009. Guðmundur Ágúst var kjörinn í varastjórn framkvæmdastjórnar ÍSÍ árið 2013 og sem meðstjórnandi árið 2015 til 2019. Hann var formaður Afrekssjóðs ÍSÍ 2015-2017 og formaður Byggingar- og skipulagsnefndar Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, svo eitthvað sé nefnt. Guðmundur Ágúst situr í kappleikja- og félaganefnd hjá Golfklúbbi Hellu, Rangárvöllum.

Guðmundur Ágúst var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ árið 2009 á ársþingi HSÍ.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir er fædd 19. september 1953.

Helga Steinunn sat í stjórn ÍSí 2006-2017, þar af sem varaforseti ÍSí 2013-2017. Helga var formaður Vinnuhóps ÍSí um Ferðasjóð íþróttafélaga frá upphafi sjóðsins 2007 til ársins 2017 og sat í ýmsum nefndum og ráðum ÍSí á þeim tíma sem hún sat í stjórn. Hún var einnig formaður Skipulagsnefndar Smáþjóðaleikanna 2015 og leysti það krefjandi verkefni með glæsibrag. Helga átti sæti í aðalstjórn og stjórn knattspyrnudeildar KA og var formaður aðalstjórnar félagsins í sjö ár. Helga Steinunn var sæmd Heiðurskrossi ÍSí á 73. Íþróttapingi ÍSí árið 2017.

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir er fædd 6. desember 1953.

Ingibjörg Bergrós, eða Beggó, var kosin í varastjórn ÍSí árið 2002 og í framkvæmdastjórn árið 2011. Hún sat í fagráði Almenningsíþróttasviðs ÍSí um árabil, hefur gegnt embætti formanns Kvennahlaupsnefndar ÍSí til margra ára og gerir enn, auk þess að stýra mörgum vinnuhópum ÍSí. Ingibjörg Bergrós var formaður Umf. Aftureldingar í Mosfellsbæ í átta ár.

Ingibjörg Bergrós var sæmd Heiðurskrossi ÍSí á 73. Íþróttapingi ÍSí árið 2017.

Jón Gestur Viggósson er fæddur 1. maí 1946

Hann hefur verið virkur í íþróttastarfi í Hafnarfirði um áratuga skeið. Hann sat í aðalstjórn og deildastjórnnum FH til fjölda ára. Hann sat í stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar árin 1995 – 2009, þar af sem gjaldkeri bandalagsins frá 1999. Jón Gestur sat í framkvæmdastjórn ÍSí í 15 ár, fyrst í varastjórn 2000-2009 og í aðalstjórn 2009-2015 og gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir sambandið á meðan hann sat í stjórn.

Jón Gestur var sæmdur Heiðurskrossi ÍSí árið 2019.

Örn Andrésón er fæddur 19. ágúst 1951

Örn sat samfellt í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur í 32 ár, var formaður badmintondeildar Víkings í 4 ár og um tíma var hann formaður Borðtennissambands Íslands.

Örn var kjörinn inn í varastjórn ÍSí árið 1996 en svo í aðalstjórn sameinaðra samtaka á stofnþingi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands árið 1997 og sat þar samfellt í 23 ár eða til ársins 2019. Örn var lengi formaður Afreks- og Ólympíusviðs og formaður Afrekssjóðs ÍSí ásamt því að sinna fjölmörgum öðrum ábyrgðarstörfum fyrir sambandið og hreyfinguna.

Örn var sæmdur Heiðurskrossi ÍSí árið 2019.